

1858. í Noregi, fyrirmaður á skipinu Adele, 39 lestir danskar að
 9. júní. stærð og hláðið trjáviði, hafði hinn 18. s. m. siglt inn á Borð-
 eyri í Hrutafirði og affermt þar nokkuð af hleðslu þeirri, er
 hann hafði á þiljum uppi, án þess hann hefði áður siglt á
 nokkra þeirra 6 hafna, er til eru teknar í lögum 15. apríl
 1854, 2. gr., og keypt þar íslenskt leidarbréf. Þá hafi þær og
 skýrt oss frá, að málinu hafi verið svo lokið fyrst um sinn, að
 skipstjórnarmanni hafi leyft verið að selja þann hluta farms,
 er hann hafði á land færðan, ef hann greiddi fullt skipsgjald,
 78 rd., seldi fram til geymslu 20 rd. og fengi sèr borgunar-
 mann að 40 rd., ef svo kynni verða, að hann þætti drýgt hafa
 yfirsjón nokkra; kvaðst hann og hlíta vilja úrskurði lögstjórnar-
 herrans um þetta mál. Þá hafi þær og lagt það til, að Gull-
 ofsen skipari mætti sleppa í þetta sinn frá fêsektum, með því
 að öll skilríki þau, er fram eru komin í málinu, virðist koma
 í einn stað niður, að hann hafi eigi farið með þeim hug að
 fara kríngum lögin eður brjóta þau.

Þessu svörum vèr á þá leið, sjálfum yður til eptirsjónar
 og til frekari auglýsingar, að málsókn má niður falla í þetta
 sinn, að svo vöxnu máli, ef Gullofsen skipari bætir 20 rd.,
 þeim er hann hefir af hendi selt, það er hann hefir brugðið
 af ákvæðum tilskip. 13. júní 1787, I. kap. 3. gr., og lögum
 15. apríl 1854, 3. gr., er renna skulu í fátækra sjóð sveitar-
 innar.

25. júní. 17. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í
 norður- og austur-umdæminu, um borgun handa
 lægri dómandanum í landsyfirdóminum úr jafnaðar-
 sjóðnum fyrir skrifföng til danskra þýðinga á dóm-
 skjölum í glæpamálum.

Þær hafð, herra amtmáður, spurt oss í bréfi 27. janúar í
 fyrra, hvort lægri dómandinn í landsyfirdóminum ætti borgun
 skylda af jafnaðarsjóði amtsins fyrir skrifföng, er hann þarf að

hafa til dönsku þýðinganna á dómskjölum í glæpamálum, þeim er stefnt er til hæstaréttar. Vær höfum skrifazt á við stiptamtanninn um þetta mál, og skulum vær nú svara yður á þá leið, sjálfum yður til leiðbeiníngar og eptirbreytni, sem nauðsyn krefur, að lægri dómandinn í landsyfirdóminum hefir optast nær fengið hínagð til borgun, sem hann hefir sett upp, fyrir skrifföng, þau er hann hefir þurft til dönsku þýðinganna á dómskjölum í glæpamálum, úr jafnaðarsjóði þess amts, er málið er frá, og vísum vær yður um þetta efni til jafnaðarsjóðsreiknínga norður- og austurumdæmisins úrið 1839 6. gr. g og 11. gr., 1742 6. gr. c og 17. gr. b og 1848 1. gr. b. Dómsmálastjórninni þykir engin ástæða til að breyta af vana þessum, einkum fyrst að hin almenna regla í aukatekjureglug. 10. sept. 1830, 13. gr., er svo segir, að endurgjalda skuli útgjöld öll í opinberum málum, virðist að styrkja þetta mál.

1858.
25. júní.

18. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins á Íslandi, um hafnargjald í Reykjavík. 30. júní.

Þær hafid, herra stiptamtmaður, sent oss með bréfi yðru 15. október í fyrra beiðni frá hafnarnefndinni í Reykjavíkur kaupstað, um þá grein í hafngjaldaskrá Reykjavíkur 12. maí 1855, að þau skip ein eru undanþegin akkeristolli, er fara í erindum Dana konúngs, og biður því hafnarnefndin dómsmálastjórnina úrskurð á að leggja, hvort herskip og þau skip önnur, er heyra stjórnendum annara landa, eður skip duggufélagsins enska skuli og vera undanþegin akkeristolli.

Þessu svörum vær á þá leið, sjálfum yður til eptirsjónar og til auglýsingar þeim er hlut eigu að máli, að herskip og þau skip önnur, er heyra erlendum stjórnendum, eru sjálfsagt undanþegin hafnargjöldum; en það ætlum vær muni réttast, að skip duggufélagsins enska sé og laus við þau nú sem fyrr, að minnsta kosti fyrst um sinn.